

Janúar 2020

**Samningur vegna lánsfjármögnunar við byggingu almennra íbúða
við Klettaborg 43, Akureyri**

Milli

Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

og

Akureyrarbæjar

1. Samningsaðilar

Aðilar að samningi þessum eru Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, kt. 581219-1480, Borgartúni 21, 105 Reykjavík og Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

2. Forsendur samnings

Akureyrarbær hyggst byggja 6 almennar íbúðir í búsetukjarna við Klettaborg 43 á Akureyri, fyrir einstaklinga með miklar stuðningsþarfir. Íbúðirnar koma til með að standa á íbúðarhúsalóð með fasteignanúmer 250-3455 og landnúmer 227819 (fasteignin). Almennar íbúðir eru þær íbúðir sem stofnframlög hafa verið veitt til byggingar eða kaupa á og um þær gilda ákvæði laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir nr. 555/2016. Akureyrarbær hefur nú upplýst Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um að sveitarfélagið hyggist fjármagna byggingu íbúðanna að hluta til með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga, að fjárhæð kr. 93.000.000,-. Lánið er hluti af mun stærri heildarlánsfjárhæð. Lánstími er 35 ár og skal uppgreitt í nóvember 2055. Vaxtakjör eru 1,92% (miðað við áætlaða ávöxtunarkröfu á lánstíma). Lánið er ekki tryggt með veði í fasteigninni.

3. Skyldur Akureyrarbæjar

Framangreind lánsfjárhæð markar ramma lánsfjármögnunar vegna hinna almennu íbúða við Klettaborg 43. Lánið er ekki með veði í fasteigninni. Akureyrarbær er óheimilt að veðsetja fasteignina til tryggingar nokkrum öðrum skuldbindingum, nema um sé að ræða endurfjármögnun á framangreindu láni og fjárhæð í slíku tilviki sé í samræmi við eða lægri en sem nemur útreikningi á fjárhæð framangreinds láns við endurfjármögnun.

4. Lok samkomulags þessa

Samkomulag þetta gildir þar til lánsfjármögnun skv. framangreindu hefur verið greidd upp að fullu. Við það tímamark skal Akureyrarbær hefja endurgreiðslu á stofnframlagi ríkisins og e.a. sveitarfélags ef gerð er krafa um það af hálfu sveitarfélagsins. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun setur upp endurgreiðslukröfu og –áætlun eftir að lánsfjármögnun á að vera greidd upp skv. framangreindu.

Reykjavík, 27. febrúar 2020

f.h. Húsnæðis- og
mannvirkjastofnunar

f.h. Akureyrarbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun aðila

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala